



Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2011.

Efni: Umsögn um tóbaksvarnir (skrotóbak), 579. mál.

### Samantekt

- Ekki eru gerðar athugasemdir við a-lið frumvarpsins.
- Hver er staða neftóbaks ÁTVR samkvæmt frumvarpi þessu?
- Orðalag b-liðs getur ekki staðið óbreytt þar sem það myndi gera neftóbak ÁTVR að ólöglegri vöru. Því þarf annað hvort að fjarlægja b-lið frumvarpsins eða breyta orðalaginu þannig að tilgangi b-liðsins sé náð án áhrifa á núverandi vöruúrval ÁTVR.
- Núverandi lög taka mjög vel á tóbaksvörnum og lagarammi þeirra er skýr. Ef litið er til tilgangs frumvarpsins þá eru forvarnir betri leið til að ná markmiðunum.
- Rannsóknir sem eiga við um reyklaust tóbak á Íslandi gefa aðrar niðurstöður en þær sem vitnað er til í athugasemdum með frumvarpinu.
- Í Noregi var horfið frá frekari þrengingum á reyklusu tóbaki, í sambærilegri umræðu, vegna þess að það var talið samfélagslega hagkvæmt.
- Aukning á sölu neftóbaks í gegnum ÁTVR á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til að neytendur sem hafa verið að kaupa vörur á svarta markaðnum eru að koma upp á yfirborðið.

**Rolf Johansen & Co leggur til að b-liður frumvarpsins verði fjarlægður.**

### 1. Skrotóbak

Ekki eru gerðar athugasemdir við a-lið frumvarpsins.

### 2. Hver er staða neftóbaks ÁTVR?

Velferðarráðherra mælti fyrir frumvarpinu og sagði að frumvarp þetta ætti ekki að hafa áhrif á núverandi vörur. Samkvæmt orðalagi b-liðs frumvarpsins er í raun verið að banna neftóbak ÁTVR.

### 3. Framkvæmd tóbaksvarnarlaganna

Framkvæmd tóbaksvarnarlaganna yrði mjög erfið ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt og nær ógerlegt væri að framfylgja orðalagi frumvarpsins án tortryggni í garð núverandi vara á markaðnum. Í athugasemdum um frumvarpið á staðfesting þessara laga ekki að hafa áhrif á tekjur og útgjöld ríkissjóðs. Það er því nauðsynlegt, til að tilgangur frumvarpsins nái fram að ganga, að fella annað hvort setningu b-liðs úr frumvarpinu eða breyta henni þannig að unnt sé að framkvæma væntanleg lög og að núverandi vörur verði leyfilegar. Núverandi lög taka mjög vel á tóbaksvörnum og lagarammi þeirra er skýr.

#### 4. Reyklaust tóbak

Eins og nafnið gefur til kynna nær heitið til alls tóbaks fyrir utan reyktóbak, vindlinga og vindla. Af náttúrunnar hendi eru fjölmörg efnafræðileg sambönd í tóbaksplöntunni sem hafa áhrif á og gefa bragð og lykt. Samkvæmt skilgreiningu á hrátóbaki þá eru nokkrum atriðum blandað við tóbakið sem flokkast sem bragð- og lyktarefni eins og t.a.m. salt (sem flokkast sem bragðefni). Það er því ómögulegt að framfylgja lögnum með rannsóknum eða greina hvort vara hafi verið bragð- eða lyktarblönduð. Hvaða aðili ætti til að mynda að sjá til þess að lögnum sé framfylgt og/eða vera úrskurðaraðili?

#### 5. Rannsóknir

Þegar litið er til rannsókna er afar mikilvægt að bera saman „epli og epli“. Rannsóknir sem vitnað er í athugasemdum við frumvarpið eru um annan uppruna og framleiðslu tóbaks (bandarískt) en það sem er notað á Íslandi. Tóbakið sem er notað á Íslandi er skandinavískt og er framleitt eftir sænskum staðli. Þrjár rannsóknir sem ná til þessa efnis og tóbaks sem er notað á Íslandi má finna hjá Aipjóðaheilbrigðisstofnuninni, Evrópusambandinu og frá Pöschl í Þýskalandi.

##### WHO (Aipjóðaheilbrigðisstofnunin) og Evrópusambandið.

Meginniðurstaða þeirra rannsókna er að lágmarks heilsufarsáhætta er af tóbaki framleiddu eftir sænska staðlinum (*WHO. WHO study group on tobacco product regulation. Report on the scientific basis of tobacco product regulation: third report of a WHO study group. WHO Technical Report Series 955*) og neysla tóbaks eftir þeim staðli er ekki hvetjandi fyrir aðra neyslu, t.d. að byrja neyslu á reyktóbaki (*European Commission. SCENIHR. Health Effects of Smokeless Tobacco Products, Preliminary Report. Júní 2007*).

##### Þýsk rannsókn (Pöschl).

Þýsk rannsókn leiddi í ljós að bragð- og lyktarblandað tóbak hafði ekki áhrif á neyslu né vöxt reyklaus tóbaks (<http://www.poeschl-tobacco.com/schnupftabak-gesundheit.html>, e.d.).

#### 6. Dæmisaga frá Noregi

Norðmenn hafa nýlega farið í gegnum umræðu um reyklaust tóbak og komust að þeirri niðurstöðu í stað þess að þrengja þann lagaramma þá væri það samfélagslega hagkvæmt að þrengja ekki frekar að reyklusu tóbaki. Ástæðan er sú að reyklaust tóbak er staðkvæmdarvara fyrir reyktóbak, vindlinga og vindla.

Virðingarfyllt,



Ásgeir Johansen  
Rolf Johansen & Co